



Ársskýrsla 2016

Hnefaleikasamband Íslands

HÉRAÐSSAMBÖND INNAN VÉBANDA HNÍ



HNEFALEIKAFÉLAG AKRANESS

Formaður: Örnólfur Stefán Þorleifsson
Heimasíða: <http://ia.is/vefiradildarfelog/hnefaleikar/>
Veffang: hnefak@gmail.com



HNEFALEIKAFÉLAG AKUREYRAR

Formaður: Almar Ögmundsson
Heimasíða: <http://www.fenrirmma.is>
Veffang: hnefaleikafelagak@gmail.com



HNEFALEIKAFÉLAG HAFNAFJARÐAR

Formaður: Ólafur Tryggvi Gíslason
Heimasíða: <http://www.hfh.is>
Veffang: hfh@hfh.is



HNEFALEIKAFÉLAG KÓPAVOGS

Formaður: Karen Ósk Nielsen
Heimasíða: <http://www.vbc.is>
Veffang: hnefaleikafelagidhfk@gmail.com



HNEFALEIKAFÉLAG REYKJANESS

Formaður: Björn Snævar Björnsson
Heimasíða: <http://www.hfrboxing.wordpress.com>
Veffang: hfr@boxing.is



HNEFALEIKAFÉLAG REYKJAVÍKUR


Formaður: Áslaug Rós Guðmundsdóttir
Heimasíða: <http://www.hrbox.is>
Veffang: hrbox@hrbox.is



HNEFALEIKAFÉLAG AÐSIR

Formaður: Árni Stefán Ásgeirsson
Heimasíða: <http://www.box.is>
Veffang: box@box.is

STJÓRN HNÍ 2016 - 2017




ÁSDÍS RÓSA GUNNARSDÓTTIR

Formaður
Sími: 865 2483
Veffang: asdis@hni.is



ÁRNI STEFÁN ÁSGEIRSSON

Varaformaður
Sími: 772 0382
Veffang: arni@hni.is




OLIVER MÁNI OLIVERSSON
Varamaður



JÓNAS HEIÐAR BIRGISSON

Gjaldkeri
Sími: 855 7760
Veffang: jonas@hni.is



ALMAR ÖGMUNDSSON
Varamaður



KAREN ÓSK NIELSEN

Ritari
Sími: 869 7331
Veffang: karen@hni.is



MÁNI BORGARSSON
Varamaður




ÁSLAUG RÓS GUÐMUNDSDÓTTIR

Meðstjórnandi
Sími: 825 2543
Veffang: aslaug@hni.is



BERGLIND GUNNARSDÓTTIR

Meðstjórnandi
Sími: 774 2342
Veffang: hni@hni.is



SÓLVEIG HARPA HELGADÓTTIR

Meðstjórnandi
Sími: 869 4279
Veffang: hni@hni.is

YFIRFERÐ FYRIR ÁRIÐ 2016



Árið 2016 er fyrsta fulla rekstrarár Hnefaleikasambands Íslands (HNÍ) sem sérsamband en sambandið var stofnað í lok september 2015 og tók við af Hnefaleikanefnd ÍSÍ sem hafði verið starfandi í þónokkurn tíma. Aðildarfélag HNÍ voru í byrjun sex talsins en fljótlega bættist við hópinn Hnefaleikafélag Akureyrar og eru þá aðildarfélag HNÍ sjö.

Það að HNÍ varð að sérsambandi breytti miklu fyrir rekstur sambandsins og aðildarfélag þess. Helst er að nefna meira fjárstreymi inn í starfsemina sem gerði það að verkum að hægt var að leggjast í ýmis verkefni sem áður var erfitt að fjármagna.

Stjórn HNÍ setti upp áætlun í lok árs 2015 fyrir rekstrarárið 2016 og setti það að markmiði sínu að auka þá þekkingu starfsmanna vébanda HNÍ í þeim tilgangi að auka öryggi keppenda og auðvelda allt utanumhald á starfseminni. Þau helstu verkefni sem ráðist var í á árinu 2016 var uppbygging innviða HNÍ með yfirferð á reglugerðum og uppfærslu þeirra, þjálfun dómara og þjálfara og aukin tíðni keppna. Þar að auki var lögð áhersla á betri og nánari samskipti við sérsambönd nágrannapjóða og Alþjóðlegu Hnefaleikasamtaka AIBA.



Ásdís Rós, formaður HNÍ, frá stofnfundi HNÍ (Ljós. HNÍ)

Fljótlega eftir að HNÍ var stofnað, eða 23 nóvember 2015, var farið í fræðslumál fyrir þjálfara og luku tíu þjálfarar alþjóðlegri fyrstu stjórn vottun AIBA. Þetta gerði það að verkum að þjálfarar voru gjaldgengir á alþjóðamót AIBA. Námskeiðið var samt sem áður fyrst og fremst hugsað til að auka þekkingu þjálfara og öryggi keppenda.

Í febrúar 2016 var haldið fyrsta íslandsmeistaramót á vegum HNÍ sem sérsamband, en það hafði ekki verið haldið íslandsmeistaramót á Íslandi í nokkur ár. Keppt var í þremur þyngdaflokkum en að auki voru fjórir sýningabardagar úr hópi diplómakrakka.

Fljótlega að loknu Íslandsmeistaramóti var farið með fyrsta landsliði á vegum HNÍ á norðurlandamót í ólympískum hnefaleikum í Gautaborg í Svíþjóð. Ísland var ekki með fast sæti á norðurlandamótinu en fékk boð í að fylla þau sæti sem voru laus. Því fór svo að HNÍ sendi út tvo keppendur ásamt þjálfurum og starfsmönnum á mótið og komu keppendur heim með sitt hvort bronsið. Þetta var gott tækifæri á því að hitta formenn og starfsmenn annarra sérsambanda og hefur samstarf verið náði síðan. Ísland er nú komið með fast sæti á norðurlandamótið og hefur verið boðið að halda mótið þegar HNÍ er komin með þá aðstöðu sem þarf til þess og er stefnt að því að það náist í náninni framtíð.

Á árinu 2016 var HNÍ ekki með hringdómara á sínum vegum sem uppfyllti þær kröfur sem HNÍ setur fyrir. Nokkrir aðilar á Íslandi ná þeim kröfum sem HNÍ setur fyrir en þeir voru yfirleitt ekki fyrir hendi og því þurfti að leita til nágrannapjóða um að senda dómara hingað til lands. Mikill áhugi var hjá dómarahreyfingunni hjá nágrannapjóðum okkar að koma og dæma á þeim mótum sem voru haldin og var yfirleitt auðvelt að manna



Frá diplómamóti HNÍ, Tinna og Birta (Ljós. Hnefalf. Æsir)

dómarastöðurnar. Er þetta dæmi um þann aukinn styrk sem HNÍ náði með því að ná góðum samböndum við sérsambönd nágrannaríkja.

Mikið var lagt í dómarapjálfun á árinu til þess að ná upp þekkingu dómara svo við næðum okkar eigin hringdómara. Þar að auki vantaði fleiri stigadómara þar sem mikið álag var á þeim fáu dómurum sem voru starfandi. Fjöldi starfandi stigadómara í byrjun árs voru fimm talsins, en á mótum þarf þrjá til fimm stigadómara til að dæma leik og var því ljóst að það yrði mikið álag á þeim dómurum sem voru til staðar.

Haldin voru tvö dómara námskeið á árinu og var fenginn hingað til lands Francis Terence Smith til að halda dómara námskeið. Francis er



Frá byrjendamóti HNÍ (Ljósmynd HNÍ)

vottaður af AIBA og hefur mikla reynslu af dómaraströfum m.a. á ólympíuleikum. Var tækifærið notað til að auka þekkingu þáverandi dómara og sóttu þrettán aðilar námskeiðið og af þeim voru tíu nýjir dómara sem hafa flest allir nú lokið stigadómaraþvottun HNÍ. Að auki luku þeir aðilar við hringdómaraþvottun í lok árs og eru því dómaramál HNÍ komin í góð mál.

En þjálfun dómara fólst ekki eingöngu í því að sækja námskeið. HNÍ sendi fjölmarga dómara út til að dæma undir leiðsögn reyntra dómara á stórum mótum í danmörku og svíþjóð. Aðkoma HNÍ var í formi ferðastyrks á niðurgreiðslu á farmiðum til dómara en oft komu aðildarfélag innán vébanda HNÍ að því að styrkja dómara á móti. Með þessu hefur náðst gott samstarf á milli HNÍ, aðildarfélaga HNÍ og dómara HNÍ. Fljótlega kom í ljós að mikilvægji þess að halda senda dómara út að dæma og hefur verið ákveðið að á árinu 2017 verði styrkur þessi aukinn þannig að það ætti að ná að fjármagna ferðalög dómara nánast að fullu.

Eitt af stóru verkefnum HNÍ á árinu var að auka starfsemi diplómahóps HNÍ. Diplóma hópur er hópur krakka sem fara eftir regluverki ólympískra

hnefaleika en hafa að auki reglur um takmarkandi snertingu. Verkefnið fólst í því að auka þekkingu þjálfara og þáttakenda diplómahópsins í þeirri von að auka áhuga á þeim keppnum sem eru. Er þetta gert að því markmiði að auka áhuga ungs fólks í hnefaleikum og passa betur upp á öryggi þeirra. Að auki var tekið upp diplómabók þar sem skráð er árangur keppenda og fjöldi viðureigna.

Að auki hóf HNÍ keppni fyrir byrjendur í elite hópi keppenda. Þetta var gert í þeim tilgangi að gefa byrjendum kleift að keppa við jafningja.


HNÍ opnaði skrifstofu í húsakynnum ÍSÍ þann 5 október og var þá komin vinnu og fundaraðstaða, auk þess að hafa aðstöðu til að taka á móti fólki. Þessi aðstaða breytti miklu fyrir stjórn HNÍ og er sú von að einhverntímann muni HNÍ geta verið með starfsmann þar í hlutastarfi sem fólk getur gengið að sem vísu.

HNÍ setti upp sitt eigið tölvupóstkerfi með hni.is endingu og vefsíða var sett upp í marsmánuði 2016 undir slóðinni <https://www.hni.is/>. Vefsíðan hefur verið notuð til þess að koma fram opinberum upplýsingum s.s. fréttum, tengiliðum og myndasafni úr

starfsemi HNÍ. Þar að auki setti HNÍ upp rás á félagsmiðlinum YouTube ásamt Facebook síðu.

Í ágúst fjárfesti HNÍ í keppnisbúnaði sem er vottaður af AIBA og telst að fullu löglegur keppnisbúnaður á öllum alþjóða mótum. Aðildarfélag innán vébanda HNÍ tóku sig til og fjárfestu saman í samskonar búnaði. Keppnisbúnaðurinn samanstóð af hönskum og hjálmum í öllum þeim stærðum sem þarf. Var þetta aukið skref í öryggi keppenda að hafa eingöngu AIBA vottaðann keppnisbúnað.

Þetta er aðeins brotabrot af þeim verkefnum sem HNÍ tók á sínu fyrsta fulla rekstrarári sem sérsamband. Hefur öll þessi vinna verið sett fram í sjálfböðavinnu og er hreyfingin heppin að hafa sterka aðila sem eru viljugir til að hjálpa að vinna að sameiginlega markmiði HNÍ og vébandafélaga. Með hverjum degi styrkjast stoðir íþróttarinnar og hefur HNÍ séð verulega aukinn áhuga á íþróttinni. HNÍ mun svara þessum aukna áhuga með frekari þjálfun aðila og betra aðgengi að þekkingu og upplýsingum í þeim tilgangi að auka enn frekar öryggi þáttakenda.



Skjámynd af heimasíðu HNÍ

ÍSLANDSMEISTARAMÓT 2016



Íslandsmeistaramótið í ólympískum hnefaleikum fór fram dagana 24 febrúar og 27 febrúar 2016 í íþróttahúsinu við Strandagötu í Hafnarfirði. Var þetta fyrsta íslandsmeistaramót sem haldið hafði verið í nokkur ár og það fyrsta sem HNÍ hélt sem sérsamband. Þáttaka var frekar dræm og var það aðalega út af veikindum og fárra aðila sem höfðu unnið sér keppnisrétt á mótið.

HNÍ leitaði til sænska sérsambandsins til að aðstoða við mótið og sendu þeir Mats Olander dómara hingað til lands til að dæma á mótinu. Mats Olander var þá eins stjörnu AIBA dómari sem var með góða þekkingu á mótshaldi og hjálpaði hann mikið til við að passað yrði upp á öryggi keppenda og umsýsningu mótsins.

HNÍ á ekki keppnishring og var því leitað til Hnefaleikafélags Reykjavíkur um leigu á slíkum hring. Tók félagið vel í það og hjálpuðu þeir að koma hringnum upp. Þar að auki var fjöldi sjálfboðaliða mætt til að aðstoða við að gera allt klárt fyrir mótið.

Undankeppni var haldin þann 24 febrúar þar sem mættust Arnór Már Grímsson úr Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar og Sólon Árnason úr Hnefaleikafélagi Reykjavíkur. Hafði Arnór Már sigur úr bítum eftir skemmtilegan leik.

Á úrslitakvöldinu voru sýndir fjórir sýningabardagar úr hópi diplómakrakka, en þar var ekki valinn sigurveigari í þeim hópi. Í aðalkeppninni um íslandsmeistaratitilinn fóru fram þrjár viðureignir, en það var í -60kg. kvenna, -75 kg. karla og -91 kg. karla.

Í -60kg. flokki kvenna tókust á Valgerður Guðsteinsdóttir úr hnefaleikafélaginu Æsir við Ingibjörgu Helgu Arnþórsdóttir úr hnefaleikafélagi Reykjavíkur. Ingibjörg sem var í bláu horni hafði sigur úr bítum eftir mjög jafnan leik. Leikurinn var það jafn að þegar honum var lokið voru þær jafnar að stigum og þrúfti til dómaraákvörðunar til að dæma sigurveigara. Töldu dómarar að Ingibjörg hefði yfir heild

staðið sig betur og vann hún því Íslandsmeistaratitilinn.

Í -75kg. flokki karla tókust á Arnór Már Grímsson úr hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar á við Jafet Örn Þorsteinsson úr hnefaleikafélagi Kópavogs. Arnór var í rauðu horni og átti mjög góðann leik við Jafet, en þurfti að lúta í minni pokann fyrir Jafet, en úrslit voru að Jafet vann með klofinni ákvörðun dómara.

Í -91kg. flokki karla í rauðu horni var Kristján Ingi Kristjánsson úr hnefaleikafélagi Kópavogs sem keppti við Rúnar Svavarsson úr sama félagi. Kristján hafði yfirburði í þeim bardaga og vann íslandsmeistaratitilinn með einróma ákvörðun dómara.

Þá hlaut Jafet Örn svokallaðann Bensa bikar sem er farandbikar og tilheyrir þeim sem talið er að hafa staðið sig best á keppninni, en hann hafði haft bikarinn hjá sér frá síðustu íslandsmeistarakeppni.



Jafet Örn Þorsteinsson (Ljós. HNÍ)



Starfsmenn ÍM 2016 ásamt Mats Olander, AIBA dómara (Ljós. HNÍ)



Kristján Ingi Kristjánsson, Íslandsmeistari 2016 í -91kg. flokki karla (*Ljósm. HNÍ*)



Ingibjörg Helga Arnþórsdóttir, Íslandsmeistari 2016 í -60kg. flokki kvenna (*Ljósm. HNÍ*)



Jafet Örn Þorsteinsson, Íslandsmeistari 2016 í -75 kg. flokki karla. Jafet náði einnig Bensa bikarnum fyrir bestu frammistöðu á keppni (*Ljósm. HNÍ*)



Dómarar Íslandsmeistaramóts 2016, frá vinstri, Ólafur Máni Ólafsson, Guðmundur Bjarni Björnsson, Mats Olander, Hjörleifur Halldórsson, Áslaug Rós Guðmundsdóttir (*Ljósm. HNÍ*)



Arnór Már Grímsson tekst á við Jafet Örn Þorsteinsson á Íslandsmeistaramóti 2016 (*Ljósm. HNÍ*)

HNEFALEIKAFÓLK ÁRSINS 2016



Um áramótin fór fram val á íþróttafólki ársins af Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Samtaka Íþróttafréttarmanna í Hörpu. Var sýnt beint af þessum viðburði á ríkissjónvarpinu.

Val á hnefaleikakonu ársins 2016 féll til Valgerðar Guðsteinsdóttur sem er 31 árs og hefur æft hnefaleika frá árinu 2009. Valgerður var með 12 skráða bardaga í ólympískum hnefaleikum en hefur keppt fleiri bardaga innanlands en það. Valgerður hefur keppt fjórum sinnum á Íslandsmeistaramóti og vann til gullverðlauna árið 2011 og 2013. Árið 2012 var hún einnig valin hnefaleikakona ársins. Valgerður hefur einnig unnið til gullverðlauna á erlendum stórmótum, en árið 2012 vann hún gull á ACBC í Svíþjóð og árið 2013 í Galamóti í Nykøbing Falster box club.

Valgerður er búin að vera virk í

hnefaleikum á árinu 2016 en hún varð önnur á Íslandsmeistaramótinu í febrúar eftir að hún stóð jöfn að stigum við andstæðing sinn og varð grípa til dómaraákvörðunar. Einnig keppti hún á Norðurlandameistaramótinu í mars og kom hún heim með brons eftir það mót.

Valgerður er fyrirmyndar íþróttarkona og hefur sýnt afburði og aga í hnefaleikum frá því hún hóf æfingar.

Val á hnefaleikamanni ársins 2016 féll til Þorsteins Helga Sigurðarsonar sem er 19 ára og hefur eingöngu æft hnefaleika í eitt ár. Þrátt fyrir stuttan tíma innan íþróttarinnar hefur Þorsteinn náð að keppa átta sinnum og verið einn virkasti hnefaleikamaður ársins 2016 í ólympískum hnefaleikum. Honum hefur farið mikið fram með hverjum bardaganum og hefur hann m.a. verið valinn boxari mótsins á einu stærsta móti ársins á ljósanótt

í september. Þorsteinn er talinn einn af þeim sterkari upprennandi hnefaleikamönnum sem Ísland á í dag.



Valgerður og Þorsteinn (Ljósmynd: Ófeigur Lýðsson)

STYRKARSJÓÐUR HNÍ

Að loknu ársþingi HNÍ verður opnað fyrir styrktarsjóð HNÍ og hefur verið ákveðið að veita 300.000 krónur í þennan málaflokk.

Styrktarsjóður HNÍ er hugsaður til eflingar hnefaleikaíþróttarinnar hér á landi. Ekki hefur áður verið farið í slíkt verkefni en hugsunin er sú að gefa aðildarfélögum kost á því að sækja um styrk til eflingar íþróttarinnar hér á landi og efla þar um leið samstarf HNÍ við aðildarfélög þess.

Styrktarsjóðurinn er hugsaður fyrst og fremst til eflingar íþróttarinnar hér á landi en ekki til framgangs einstakra félaga eða einstaklinga. Hugsunin er að ef aðilar innan vébanda HNÍ

sjái tækifæri til að kynna eða efla útbreiðslu íþróttarinnar ásamt því að betrubæta það starf sem er í gangi, geti þeir sótt um styrk til HNÍ.

Ekki eru komin föst form á styrkveitinguna en tekið er á móti öllum umsóknum og þeim verkefnum sem eru í gangi. Skila verður til HNÍ ítarlegri greinargerð á þeirri vinnu sem farið er í ásamt rökstuðningi hvernig það geti elft hnefaleikastarfið á Íslandi og fjárhagsáætlun.

Hægt er að sækja um með því að senda tölvupóst á hni@hni.is og mun vera tekið á móti umsóknum til 1 ágúst 2017. Þá er styrkur ákveðinn eftir þeim áætlunum sem eru settar

fram. Útborgun styrkja verður gert eftir farmvindu verkefna og verður styrktarhafi að skila af sér skýrslu í lok verkefnis. Ekki verður greitt út nema með afhendingu kvittana/útgjaldaliða.

Gert er ráð fyrir að vinnan sjálf sé í sjálfböðavinnu líkt og flest sú starfsemi innan HNÍ fer fram með, en greitt er fyrir alla aðkeypta þjónustu sem verkefnið þarfnast.

Er það von HNÍ að aðildarfélög og einstaklingar taki vel í þetta framtak og hvetur HNÍ aðila að senda inn umsókn.

NORÐURLANDAMÓT 2016



Ingibjörg Helga (Imma) og Mia Bormander (Ljós. Sænska Hnefaleikasambandið)

Árlega er haldið Norðurlandameistaramót í ólympískum hnefaleikum og hefur Danmörk, Svíþjóð, Finnland og Noregur verið með fast sæti á mótinu. Í byrjun árs 2016 sendi sænska sérsambandið HNÍ boð um að taka þátt á mótinu í þeim sætum sem standa auð, þ.e. sem þessar þjóðir náðu ekki að fylla upp í. Svo fór að Ísland fékk sæti í tveimur þyngdaflokkum, -60 kg. elite kvenna og - 54kg. elite kvenna.

Keppendurnir Valgerður Guðsteinsdóttir sem æfir hjá Hnefaleikafélaginu Æsi og Ingibjörg Helga Arnþórsdóttir sem æfir hjá Hnefaleikafélagi Reykjavíkur fengu þann heiður að keppa fyrir Íslands hönd á hinu fyrsta alþjóðlega móti sem HNÍ sem sérsamband tók þátt í.

Keppnin fór fram dagana 26. til 27. mars í nágranni Gautaborgar í Svíþjóð. Fóru

keppendur út ásamt þjálfurum þeirra og hlut af stjórnarmeðlumum HNÍ. Notaði stjórn HNÍ tækifærið á að hitta stjórnendur og starfsmenn annarra sérsambanda á norðurlöndunum.

Ingibjörg Helga Arnþórsdóttir (27 ára), þáverandi íslandsmeistari í Elite -60 kg flokki kvenna, keppti þar í Elite -54 kg flokki og kom heim með brons. Leikur hennar í undanúrslitum var stoppaður í annarri lotu vegna blóðnasa og bar Mia Bormander frá Svíþjóð því sigur úr bytum þrátt fyrir jafna viðureign.

Valgerður Guðsteinsdóttir (30 ára) keppti í Elite -64 kg kvenna kom heim með brons eftir hörkuviðureign í undanúrslitum á móti Ditte Frostholt frá Danmörku sem bar sig af hólmi.

Vel var tekið á móti íslenska liðinu og var HNÍ boðið að halda

norðurlandameistaramót í náinni framtíð. Stefnt er að því að HNÍ muni taka að sér að halda Norðurlandamót en til að þess geti orðið þarf HNÍ að útvega keppnishring sem stent staðla alþjóðamóta. Því er ekki komin föst ákvörðun um hvenær það mun falla í hendur HNÍ að halda slíkt mót.



Góður hópur (Ljós. HNÍ)

REYNSLA AF DÓMGÆSLU ERLENDIS

Jón Páll Leifsson, hringdómari HNÍ



Oliver Máni, Jón Páll og Hjörleifur ásamt yfirdómara Gripen cup (Ljós. Jón Páll Leifsson)

Undanfarin ár hefur verið skortur á hnefaleikadómurum með réttindi, bæði stigadómurum og hringdómurum. Unnið hefur verið markvisst í því að fjölga þeim bæði með námskeiðum á Íslandi og líka með því að senda íslenska dómara utan til að öðlast reynslu bæði sem hringdómarar og stigadómarar.

Undanfarið ár hefur HNÍ styrkt ferðir dómara til Danmerkur, Svíþjóðar og Englands. Þetta er mikilvægur liður hjá dómurum til að öðlast reynslu því enn sem komið er, eru hnefaleikamót á Íslandi frekar fámenn miðað við þau sem eru í nágrannalöndum okkar og því tekur langan tíma að öðlast reynslu á Íslandi eingöngu.

Vel hugsað um nýja dómara.

Meðfylgjandi er mín upplifun af slíkum ferðum á mót í Gripen í Svíþjóð og Hvidovre í Danmörku þar sem ég hef verið tvisvar.

Vaninn er að það er mjög vel haldið utan um reynsluminni dómara og þeim liðsinnt af heilum hug af öðrum

dómurum og af yfirdómara hverju sinni. Þeim er gjarnan leyft að spreyta sig jafnvel meira en öðrum dómurum og dæma fleiri viðureignir en aðrir.

Mikilvægt að fá leiðsögnina á meðan á leik stendur og er það þá gert í lotuhléi, til að leiðrétta strax fyrir viðvarandi reglubrotum sem kunna að koma upp í viðureignum því þau eiga það til að ágera þegar á líður bardagann ef ekkert er að gert strax. Þessi leiðsögn er undantekningarlaust mjög smekklega gerð þar sem yfirdómari kemur að því horni sem dómari stendur í í lotuhléinu ræðir við hringdómara ef þess gerist þörf en stundum eru leiðbeiningar gerðar með einföldum handabendingum í lotuhléinu svo lítið beri á, því leikmenn eða þjálfarar mega ekki skynja óöryggi hringdómara.

Á mótum sem þessum eru óvanir dómarar að fá að dæma á bilinu 30-50 viðureignir yfir eina helgi sem er tæplega árs-skammtur á Íslandi og því er um miklar framfarir að ræða í slíkum tilvikum.

Reynslan víkkar sjóndeildarhringinn.

Reynslan í slíkum mótum víkkar sjóndeildarhringinn í mörgu tilliti. Í fyrsta lagi fá dómarar að dæma fleiri leiki, fá að dæma undir meiri pressu og sjá fjölbreyttari stíla. Með aukinni reynslu kemur meira öryggi sem víkkar sjóndeildarhringinn auk þess í bókstaflegum skilningi. Til dæmis sérðu, sem óvanur hringdómari lítið annað en keppendurna frá belti og uppúr. Þar sem hringdómari ber ábyrð á öryggi keppenda verður hann líka að hafa yfirsýn yfir allt sem er að gerast inni í og við hringinn. Það þarf t.d. reynslu og afslappaða víðsýni til að taka eftir því ef annar keppenda er með lausar skóreymar, en þá verður að gera hlé á bardaganum þar til búið er að reima skóna, eða annað gerist sem gæti haft áhrif á leikinn.

Reynt er að gæta þess að láta óvanan dómara byrja á viðureign sem ekki er líkleg til að verða erfið í dómgæslu, til að byrja vel og fá ákveðið sjálfstraust.



Jón Páll á Hvidovre Cup 2017 (Ljós. Jón Páll)

Endurgjöf á dómgæslu.

Allir dómara á svona mótum eru opnir fyrir gagnrýni, líka yfirdómarar.

Öllum yfirsést einhvern tímann enda þarf að taka ákvarðanir á örskotsstundu sem varða bæði flæði og sanngirni leiksins en þó alltaf með öryggi keppenda í fyrirrúmi.

Fundir í lok dags eða í hádegishléi eru mjög mikilvægir, þar sem farið er yfir atvik sem gerast í leikjunum og orka tvímælis. Auk þess eru stigadómarar látnir vita ef þeir eru að dæma oft gegn meirihluta annarra stigadómara. Slíkt er mjög einfalt í rafrænni skráningu úrslita sem gjarnan viðhefst erlendis.

Aldrei er hringdómari á mótum í áhugamannahnefaleikum gagnrýndur af öðrum dómurum fyrir að stoppa viðureign of snemma þó svo þjálfarar kunna að gera það í hita leiksins til að sýna sínum keppanda stuðning. Í lok viðureignar í ólympískum hnefaleikum er heilsa það mikilvægasta sem hver keppandi fer með út úr hringnum.

Horft til framtíðar.

Það eru undantekningartilvikin sem kenna manni mest. Þegar þetta er skrifað hef ég dæmt um 140 viðureignir sem stigadómari og um 22 sem hringdómari. Það er mjög lítið miðað við þá dómara sem við hittum á mótum erlendis þar sem nánast engin er með færri en 1500 viðureignir skráðar í sinni bók.

Það fylgir því vissulega kostnaður að senda dómara erlendis til að öðlast reynslu í dómgæslu, en það er þó mun lægri kostnaður en sá sem fer í að fá hingað dómara til að dæma í hvert skipti sem haldið er mót. Það er því mikilvægt til langs tíma lítið að hnefaleikasamfélagið á Íslandi sé sjálfbært í því að manna dómarastöður með góðum innlendum dómurum.

Ég er mjög þakklátur fyrir þann stuðning sem HNÍ hefur sýnt í verki þeim dómurum sem hafa farið utan á mót til að dæma þar sem reynslan

af dómarastörfum og samskiptin við reynslumeiri dómara skiptir mjög miklu máli.



Jón Páll sem hringdómari á Gripen Cup (Ljós: Jón Páll)

FJÁRMÁL HNÍ

Jónas Heiðar Birgisson, stjórn HNÍ, gjaldkeri



Fyrir Hnefaleikasambandið að verða sérsamband og skilja við sem Hnefaleikanefnd innan ÍSí, gerði það að verkum að sambandið varð sjálfstæðara í rekstri og ekki eins fjárhagslega bundið ÍSí og aðildarfélögum HNÍ.

HNÍ fór að hafa stöðugar tekjur sem gerði það að verkum að HNÍ gat lagt út í mun víðtækari verkefni en áður hafði verið farið í. Strax frá upphafi og í gerð fjárhagsáætlana fyrir árið 2016, var lögð mikil áhersla í fræðslumál og þá aðalega fyrir dómara HNÍ en töluvert hafði vantað upp á þekkingu og fjölda dómara.

HNÍ fékk stöðugar tekjur af framlögum frá lotto, útbreiðslustyrk og framlög opinberra aðila, ásamt öðrum minniháttar tekjum af útgáfu keppnisbóka, skráningagjalda og öðrum tekjum. Heildartekjur ársins voru rúmar 5 millj. króna sem varð mikil lyftistöng frá því að hafa engar tekjur árið áður. HNÍ gerði ráð fyrir um fjórar milljónir í tekjur á árinu og er mismunurinn einna helst út af vanáætlun á útbreiðslustyrki.

Stærstu kostnaðarliðir á árinu voru við mótshöld. Þar var einna stærstur kostnaður vegna flug og gistingu fyrir hringdómara sem þurfti að fá hingað til lands þar sem þekking núverandi dómara þótti ekki vera nægjanleg til að standast þær öryggiskröfur sem HNÍ setur fyrir. Einnig var keyptur keppnisbúnaður sem var orðin mikil þörf á að fjárfesta í. HNÍ hafði gert ráð fyrir að kostnaður við mótshöld væri lægri en raun var, en vegna upptöku byrjendamóta og hærri ferðakostnaðar dómara endaði kostnaðurinn um þriðjungshundruð þúsund krónum hærri en gert var ráð fyrir.

Athafnarkostnaður er einna helst þjálfun og fatnaður. Athafnarkostnaður liggur á pari við þá fjárhagsáætlun sem gerð var.

HNÍ lagði fram rúmar 800 þús. krónur í þjálfun dómara og var þar einna stærsti hluti vegna námskeiðs sem var haldið í lok nóvember en þá fékk HNÍ einn AIBA vottaðann og reynslumiklann mann frá Bretlandi til að koma og halda námskeið. Voru markmiðin þrennskonar, að auka þekkingu núverandi stigadómara, að þjálfa upp hringdómara og ná inn nýjum stigadómurum.

Einnig lagði HNÍ fram á annað hundruð þúsund krónur í þjálfun þjálfara, en á árinu áður hafði verið búið að setja þónokkurn pening í þjálfun fyrir þjálfara.

Gert var ráð fyrir rúmri milljón í áætlun á skrifstofu og stjórnunarkostnaði. Rekstur skrifstofu og stjórnunarkostnaði var rúmar átta hundruð þúsund og er þar helst að nefna prentun á ýmskonar ritföngum og ferðakostnað stjórnar HNÍ. Ekki var farið í kaup á fánum eins og áætlað hafði verið fyrir og ýmis rekstrarkostnaður var lægri en áætlað

var. Því endaði kostnaðurinn um tvö hundruð þús undir áætlun.


Samtals rekstrarkostnaður HNÍ liggur því nánast á pari við það sem áætlað var í upphafi árs. Lokaniðurstaða HNÍ sýnir 1,3 millj. í hagnað á árinu sem var nýtt í gerð fjárhagsáætlun 2017.

Fjárhagsáætlun 2017

Gert er ráð fyrir svipuðum tekjum á fjárhagsári 2017 og HNÍ fékk árið 2016. Þar eru stærstu tekjupættir framlög frá lotto, útbreiðslustyrkur og framlög frá opinberum aðilum. Ekki er gert ráð fyrir aukningu á skráningagjöldum og útgáfu keppnisbóka. Einna helsta breyting á tekjuáætlun er sú að tekin verður upp gjaldheimta á mótum sem aðildarfélög HNÍ halda, gegn því að HNÍ skaffi og greiði fyrir lækni. Er þetta gert til að lækka mótakostnað aðildarfélaga HNÍ og koma ábyrgð á mönnun lækna yfir á HNÍ.

Gert er ráð fyrir auknum kostnaði vegna mótshalda og er það einna

Skipting rekstrarkostnaðar 2016



helst vegna þáttöku Íslands á norðurlandamóti í Danmörku í byrjun apríl. Einnig er gert ráð fyrir kaupum á myndabúnaði svo hægt sé að streyma frá keppnum beint á youtube rás HNÍ en það er víkjandi þáttur í áætlun HNÍ fyrir árið. Aukinn kostnaður vegna greiðslu lækna á mótum er einnig ástæða fyrir auknum kostnaði á árinu. Á móti kemur að búist er við lækkun kostnaðar á flugi hringdómara hingað til lands þar sem HNÍ er komin með fullgildan hringdómara sem stenst allar kröfur HNÍ.

Athafnarkostnaður er áætlaður svipaður og raunkostnaður var á árinu 2016. Þá er rúm hálf milljón sem er áætlað í þjálfun dómara í formi dómaramámskeiðs, skyndihjálparnámskeiðs og ferðastyrks. Gert er ráð fyrir 300 þús í ferðastyrk fyrir dómara yfir árið og miðast styrkurinn við 25.000 kr. fyrir hverja ferð á dómara, þó aldrei hærra en því sem flugmiði kostar. Er það von HNÍ að dómara taki vel í að nýta sér

þennan styrk til að dæma á mótum erlendis og ná þannig frekari reynslu á dómaraagæslu.

Gert er ráð fyrir að bjóða nýjum þjálfurum upp á þjálfaranámskeið á haustmánuðum 2017. Unnið verður að því að finna góðan þjálfara sem tekur að sér aðila í þjálfun til að undirbúa hann sem þjálfara í hnefaleikum. Einnig er gert fyrir að auka þjálfun diplómaþjálfara líkt og gert var árið 2016. Samtals er áætlað að setja 230.000 í þjálfunarmál fyrir þjálfara á árinu.

Gert er ráð fyrir um 430.000 fyrir fatnað á dómara og keppendur á árinu. Er fatnaður dómara hugsaður til þess að minka útgjöld dómara þar sem ekki má bjóða þeim greiðslu fyrir sína vinnu. Einnig er settur töluverður peningur í að útvega landsliðsbúninga og keppnisbúninga fyrir norðurlandamót sem nýtast næstu ár.




Einnig er gert ráð fyrir um 300.000

krónum verði útdelt úr styrktarsjóð HNÍ sem er nýtt og hefur ekki verið gert áður. Nánar er fjallað um styrktarsjóð í sér kafla í ársskýrslu.

Gert er ráð fyrir auknum kostnaði á stjórnunar og skrifstofukostnaði á árinu 2017 en það var 2016. Gert er ráð fyrir að almennur rekstarkostnaður sé svipaður og á árinu 2017, en aukning verði á ferðakostnaði vegna AIBA ársþings en á árinu 2016 greiddi ÍSÍ fyrir ferðakostnað á það þing.

Gert er ráð fyrir að HNÍ muni byrja greiða fyrir húsaleigu vegna aðstöðu sem HNÍ fékk í lok árs 2016 hjá ÍSÍ.

Þá er ekki gert ráð fyrir að HNÍ muni skila hangaði á árinu 2017, heldur tapi upp á tæp þrjú hundruð þúsund. Þrátt fyrir það byggir HNÍ á góðu rekstrarári 2016 sem ætti að skila góðri sjóðsstöðu af sér í lok árs 2017.



ÁRSREIKNINGUR 2016



Áritun Skoðunarmanna



Við undirritaðir skoðunarmenn Hnefaleikasambands Íslands, höfum yfirfarið ársreikning Hnefaleikasambands Íslands fyrir árið 2016. Framsetning ársreiknings er í samræmi við lög og góða reiknisskilavenjur á Íslandi og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram. Í framhaldi af athugun okkar leggjum við til að fyrirliggjandi ársreikningur verði samþykktur á ársþingi Hnefaleikasambands Íslands 2017.

Dagsetning og undirskrift skoðunarmanna

5/4/17 *Bryndís R. Jónsdóttir*

Bryndís R. Jónsdóttir

Lilja Sigurðardóttir

Lilja Sigurðardóttir



Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.


Hnefaleikasamband Íslands er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga. Hlutverk sambandsins er í meginatriðum að vinna að stofnun nýrra félaga og deilda og efla á annan hátt hnefaleikaíþróttina í landinu, setja nauðsynlegar reglur um málefni hnefaleikaíþróttarinnar á Íslandi, löggilda dómara, vinna að heildarskipulagi móta svo sem Íslandsmóta og bikarmóta, vera fulltrúi hnefaleikaíþróttarinnar í alþjóðlegu samstarfi og leitast við að reglur varðandi íþróttina á Íslandi séu í samræmi við alþjóðareglur.

Hnefaleikasamband Íslands var stofnað í lok september 2015 og tók við af Hnefaleikanefnd ÍSÍ sem rekin var undir sömu kennitölu. Engir starfsmenn voru á launaskrá hjá sambandinu á árinu.

Samkvæmt rekstrarreikningi sambandsins var hagnaður ársins 2016 1.302.541 krónur. Hrein eign sambandsins í árslok var 2.108.308 krónur. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningum.

Stjórn Hnefaleikasambands Íslands staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík 20. apríl 2017



Ásdís Rósa Gunnarsdóttir


Árni Stefán Ásgeirsson


Berglind Gunnarsdóttir


Sólveig Harpa Helgadóttir


Jónas Heiðar Birgisson


Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir


Áslaug Rós Guðmundsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR 2016

Rekstur Hnefaleikasamband Íslands 2016	Raun 2016	Áætlun 2016	Raun 2015
Tekjur			
Almennar tekjur.....	474.940 kr	504.890 kr	143.000 kr
Framlög og styrkir.....	4.660.544 kr	3.525.456 kr	0 kr
Samtals tekjur	5.135.484 kr	4.030.346 kr	143.000 kr
Rekstrarkostnaður			
Mótshöld.....	1.829.884 kr	1.553.256 kr	0 kr
Athafnarkostnaður.....	1.145.177 kr	1.148.975 kr	0 kr
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	827.146 kr	1.076.255 kr	96.048 kr
Húsnæðiskostnaður.....	0 kr	0 kr	0 kr
Markaðskostnaður.....	0 kr	0 kr	0 kr
Samtals gjöld	3.802.207 kr	3.778.486 kr	96.048 kr
Rekstrarhagnaður ársins	1.333.277 kr	251.860 kr	46.952 kr
Vextir og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	30.736 kr	0 kr	-1.287 kr
Samtals Fjármagnstekjur og gjöld	30.736 kr	0 kr	-1.287 kr
Hagnaður / (Tap) ársins	1.302.541 kr	251.860 kr	48.239 kr

EFNAHAGSREIKNINGUR 2016

Efnahagur Hnefaleikasambands Íslands 31.12.2016	31.12.2016	31.12.2015	Breyting á milli ára
Eignir			
Veltufjármunir			
Sjóður.....	10.000 kr	0 kr	10.000 kr
Bankareikningar.....	2.098.308 kr	499.144 kr	1.599.164 kr
Aðrir veltufjármunir.....	0 kr	0 kr	0 kr
Samtals veltufjármunir	2.108.308 kr	499.144 kr	1.609.164 kr
Kröfur			
Langtímakröfur.....	0 kr	0 kr	0 kr
Samtals kröfur	0 kr	0 kr	0 kr
Samtals Eignir	2.108.308 kr	499.144 kr	1.609.164 kr
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir			
Kreditkort.....	310.453 kr	0 kr	310.453 kr
Lánadrottnar.....	8.787 kr	12.617 kr	-3.830 kr
Aðrar skammtímaskuldir.....	0 kr	0 kr	0 kr
Samtals skammtímaskuldir	319.240 kr	12.617 kr	306.623 kr
Eigið fé			
Eigið fé.....	486.527 kr	438.288 kr	48.239 kr
Hagnaður ársins.....	1.302.541 kr	48.239 kr	1.254.302 kr
Eigið fé samtals	1.789.068 kr	486.527 kr	1.302.541 kr
Samtals skuldir og eigið fé	2.108.308 kr	499.144 kr	1.609.164 kr

SJÓÐSTREYMI 2016

Sjóðstreymi Hnefaleikasamband Íslands 2016

	2016	2015
Rekstrarhagnaður ársins	1.333.277,00	46.952,00
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Verðbætur og gengismunur	1.215,00	0,00
Hreint veltufé án vaxta	1.334.492,00	46.952,00
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Lækkun (hækkun) á rekstrartengdum kröfum	0,00	0,00
Hækkun (lækkun) á rekstrartengdum skuldum	306.623,00	12.617,00
Handbært fé frá rekstri án vaxta	1.641.115,00	59.569,00
Innborgaðar vaxtatekjur	6.937,00	2.228,00
Greidd vaxtagjöld	-37.501,00	-941,00
Fjármagnstekjuskattur	-1.387,00	0,00
Handbært fé frá rekstri	1.609.164,00	60.856,00
Fjárfestingahreyfingar	0,00	0,00
Fjármögnunarhreyfingar	0,00	0,00
Hækkun á handbæru fé	1.609.164,00	60.856,00
Handbært fé í ársbyrjun	499.144,00	438.288,00
Handbært fé í árslok	2.108.308,00	499.144,00

REKSTRARÁÆTLUN 2017

Áætlaður Rekstur HNÍ 2017	Áætlun 2017	Raun 2016	Mismunur
Tekjur			
Almennar tekjur.....	485.000 kr	474.940 kr	10.060 kr
Framlög og styrkir.....	4.630.000 kr	4.660.544 kr	-30.544 kr
Samtals tekjur	5.115.000 kr	5.135.484 kr	-20.484 kr
Rekstrarkostnaður			
Mótshöld.....	2.329.800 kr	1.829.884 kr	499.916 kr
Athafnarkostnaður.....	1.552.900 kr	1.145.177 kr	407.723 kr
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	1.148.409 kr	827.146 kr	321.263 kr
Húsnæðiskostnaður.....	120.000 kr	0 kr	
Markaðskostnaður.....	225.000 kr	0 kr	225.000 kr
Samtals gjöld	5.376.109 kr	3.802.207 kr	1.453.902 kr
Rekstrarhagnaður ársins	-261.109 kr	1.333.277 kr	-1.474.386 kr
Vextir og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	17.500 kr	30.736 kr	-13.236 kr
Samtals Fjármagnstekjur og gjöld	17.500 kr	30.736 kr	-13.236 kr
Hagnaður / (Tap) ársins	-278.609 kr	1.302.541 kr	-1.461.150 kr



HNEFALEIKASAMBAND ÍSLANDS
Engjavegi 6
104 Reykjavík
Iceland

kt. 640806-0950
heimasíða: <https://www.hni.is/>
tölvupóstur: hni@hni.is